

## Höfðaskóli Skagaströnd

Sími: 4522800, íþróttahús: 4522750

Veffang: <http://hofdaskoli.is>

Netfang: [hofdaskoli@hofdaskoli.is](mailto:hofdaskoli@hofdaskoli.is)



Höfðaskóli, 5.maí

Mætt: - af yngsta stigi: Erna Berglind, Harpa Védís, Kristján Sölvi  
- af miðstigi: Súsanna, Lárey  
- af unglíngastigi: Elísa Bríet, Stefanía  
- fulltrúar starfsmanna: Kristbjörg Dúfa, Kristinn Rúnar  
- fulltrúi foreldra:  
- stjórnendur: Guðrún Elsa, Dagný Rósa

Fundarritari og fundarstjóri: Guðrún Elsa Helgadóttir

Fundur settur kl. 10:00

1. Stöðumat á flokkun. Hvernig gengur að flokka í flokkunartunnur skólans? Eru nemendurnir að setja ruslið í réttar tunnur. Gengur verst á unglíngastigi - Stefanía og Elísa ætla að halda tölu í bekkjunum og minna á mikilvægi flokkunar.

2. Framhald á umræðu síðan síðast um óskilafatnað. Hvetja þarf foreldra enn frekar að merkja fatnað nemenda - magnið af vettlingum, húfum, sokkum, snjóboxum o.fl. sem er núna í skólanum og enginn virðist eiga, þrátt fyrir ítrekaðar auglýsingar er sláandi.

4. Nemendur sammála um að bæta þurfi merkingar á skólalóð ásamt því að fjölga ruslatunnum þar sem mikið er um rusl á skólalóðinni og á sparkvellingum. Hugmynd að hafa samkeppni um skiltagerð í haust. "Hentu ruslinu haugurinn þinn"

5. Hugmynd að ákveða að ávallt fari einn bekkur eða eitt námsstig ásamt umhverfisnefnd fari og skoði Stekkjavík, virkja í haust.

6. Útivistardagur 30.maí þar sem þemað er náttúruvernd. Nemendur fara um bæinn þveran og endilangan og tína rusl.

Fundi slitið kl. 10:30